



Aðgangur að eigin persónuupplýsingum hjá Eir hjúkrunarheimili

Samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem tóku gildi þann 15. júlí 2018, eiga skráðir einstaklingar rétt á að fá upplýsingar um þær persónuupplýsingar og persónugreinanleg gögn sem um þá finnast hjá Eir og eftir atvikum fá afrit af þeim að því marki sem það skerðir ekki réttindi og frelsi annarra eða ef brýnir hagsmunir einstaklinga, þar á meðal hins skráða sjálfs, vega þyngra. Enn fremur á skráður einstaklingur rétt á að fá upplýsingar um hvernig heimilið notar umræddar upplýsingar um hann.

Um aðgengi að gögnum úr sjúkraskrá fer jafnframt eftir lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009. Skv. 14. gr. laganna á sjúklingur rétt á aðgengi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni sé þess óskað. Undir vissum kringumstæðum, gæti sjúklingi verið meinaður aðgangur að upplýsingum, t.d. ef afhending þeirra brýtur trúnað við þriðja aðila eða ef talið er að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að veita honum aðgang.

Óski skráður einstaklingur eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum þarf hann að fylla út beiðni þess efnis, koma með það á skrifstofu Eirar að Hlíðarhúsum 7 og framvísa persónuskilríkjum sem gefin eru út af opinberum aðilum. Eingöngu er tekið við beiðnum um aðgang að upplýsingum á skrifstofu Eirar. Beiðnir sem berast í bréfpósti, tölvupósti eða gegnum síma teljast ekki fullnægjandi. Þessar ráðstafanir eru óhjákvæmilegar þar sem Eir vinnur með viðkvæmar persónuupplýsingar og því nauðsynlegt að ganga úr skugga um að sá sem óskar eftir upplýsingunum og fær þær afhentar sé sá sem þær varða.

Til þess að hægt sé að framkvæma leit um skráðan einstakling í kerfum og gögnum Eirar þarf að tiltaka eftirfarandi upplýsingar í beiðninni:

- Fullt nafn
- Kennitölu
- Lögheimili
- Símanúmer
- Netfang

Enn fremur skal hinn skráði tilgreina hvaða upplýsingar það eru sem hann óskar eftir aðgengi að.

Eftir að beiðni um aðgang að eigin persónuupplýsingum hefur verið skilað til Eirar með fullnægjandi hætti verður haft samband við hinn skráða varðandi frekara fyrirkomulag á afhendingu upplýsinganna til hans. Eir leitast við að afhenda gögnin innan 30 daga frá móttöku beiðinnar.

Gögnin eru eingöngu afhent gegn framvísun persónuskilríkja sem gefin eru út af opinberum aðilum.



Beiðni um aðgang að eigin upplýsingum

Upplýsingar um skráðan einstakling:

Fullt nafn	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer og staður
Tölvupóstfang	Símanúmer

Tilgreinið þær upplýsingar sem óskað er eftir:

_____ (Staður og dagsetning)

_____ (Undirskrift umsækjanda)

Fyllist út af starfsmanni Eirar

Ég staðfesti að hinn skráði lagði fram eftirfarandi persónuskilríki:

Ökuskírteini Vegabréf Nafnskírteini

_____ (Dagsetning)

_____ (Undirskrift starfsmanns)